



Reykjavík, 11. apríl 2024

MSS23050179

## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Skrifstofa borgastjóra og borgarritara

**Sendandi:** Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð

---

### Aðgerðaráætlun Reykjavíkurborgar 2024 – 2026: Þátttaka í alþjóðlegum rannsóknar- og nýsköpunarverkefnum

Á fundi forsætisnefndar, þann 1. mars 2024 var samþykkt að vísa aðgerðaráætlun 2024-2026, um þátttöku Reykjavíkurborgar í alþjóðlegum rannsóknar- og nýsköpunarverkefnum til umsagnar hjá fagráðum Reykjavíkurborgar.

Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð tekur undir mikilvægi þess að Reykjavíkurborg sækir markvisst fram í alþjóðasamstarfi og þeim tækifærum sem felast í þátttöku í slíkum samstarfsverkefnum. Ennfremur er það mikilvægt að bæta stjórnáslulega umsýslu umsókna til að tryggja að þær séu í takt við þarfir borgarinnar.

Sérstaklega er bent á mikilvægi 4. greinar aðgerðaráætlunar að reglulega verði haldnar kynningar innan borgarkerfisins á tækifærum til styrkumsókna.



Reykjavík